

**Nd. 158. Frumvarp til hjúkrunarlags. [105. mál]**

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

**1. gr.**

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Hjúkrunarskóla Íslands í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum hjúkrunarskóla hér á landi og að loknu prófi eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum hjúkrunarkonum leyfi til hjúkrunarstarfa, ef þær hafa lokið jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til starfsins að dómi skólustjóra Hjúkrunarskóla Íslands og landlæknis.

**2. gr.**

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnaheimili, að heilsuverndarstörfum og við hjúkrun í heimahúsum, né til starfa að öðrum tilsvarendi almennum hjúkrunarstörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

**3. gr.**

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í starfi eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið að dómi stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis, getur ráðherra svipt hana starfsréttindum og rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

Nú hefur hjúkrunarkona verið svipt réttindum og starfsheiti samkv. 1. mgr., og má þá ráðherra veita henni réttindin og starfsheitið aftur, enda liggja fyrir meðmæli stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis.

**4. gr.**

Hjúkrunarkonu ber skylda til að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hún kemst að í starfi sínu, nema lög bjóði annað.

Skylda hjúkrunarkonu til að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

**5. gr.**

Hjúkrunarkonu er skylt að fara eftir fyrirsögn læknis um meðferð sjúklingsins, en henni er óheimilt að sinna læknisstörfum nema eftir fyrirmælum læknis.

**6. gr.**

Hjúkrunarkonu ber að þekkja starfsskyldur sínar og hverjum takmörkum hjúkrunarstörf eru háð. Einnig ber henni að halda við þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, sem varða hjúkrunarstörf.

**7. gr.**

Ákvæði 1. til 6. gr. taka einnig til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til að kalla sig hjúkrunarmenn.

**8. gr.**

Heimilt er að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal starfsheiti þeirra, námstílhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, skal setja með reglugerð nánari ákvæði um efni það, er lög þessi fjalla um.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögnum skal fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt lögnum renna í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarkvinnalög nr. 27 19. júní 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalástæðan til endurskoðunar hjúkrunarkvinnalaganna er hinn mikli skortur á hjúkrunarkonum á landinu. Ein leið til að bæta að nokkru úr þeim skorti er að þjálfa sérstaka stétt aðstoðarfólks, er vinni við hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna. Hefur þessi leið verið farin erlendis og mun hafa reynzt vel. Þykir því rétt að heimila með lögum sams konar ráðstöfun hér á landi. Aðstoðarfólk þetta hlýtur aðallega verklega þjálfun um nokkurra mánaða skeið. Það vinnur ekki á eigin spýtur, en tekur að sér ýmis vandaminni störf undir stjórn hjúkrunarkvenna og getur því að vissu marki komið í stað þeirra.

Mál þetta hefur verið undirbúið af landlækni og borgarlækni í samráði við hjúkrunarkvinnasamtökin í landinu, stjórn Hjúkrunarskóla Íslands og fleiri aðila, og er í ráði, að Rauði kross Íslands taki að sér að stjórna þjálfun þessa starfsfólks.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er það nýmæli, að gert er ráð fyrir, að fleiri hjúkrunarskólar en Hjúkrunarskóli Íslands geti verið reknir hérlendis og að hjúkrunarkonur, sem útskrifast úr hjúkrunarskólanum gangi undir sérstakt viðurkennt próf, áður en þær eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa og öðlast rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur. Er slíkt í samræmi við fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. nógildandi laga, en orðalagi nokkuð breytt.

Um 2. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. gr. nógildandi laga. Nýmæli er þó, að heilsvendrarstörf almennt eru tekin upp í greinina og einnig hjúkrunarstörf í heimahúsum, en skólahjúkrunarkonur eru ekki taldar sérstaklega. Þá er sett barnaheimili í stað barnahæli.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. nógildandi laga. Þó er gerð sú breyting, að Hjúkrunarfélagi Íslands er falið, ásamt landlækni, að fjalla um hegðun útlærðs hjúkrunarfólks í stað skólastjóra Hjúkrunarskóla Íslands, svo sem nú er. Einnig þykir rétt að taka upp heimild til endurveitingar starfsréttinda og starfsheitis til þeirra, sem sviptir hafa verið réttindum.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Rétt þykir að taka upp í lögin ákvæði samsvarandi ákvæði því, sem gildir um lækna og aðstoðarfólk við læknisstörf, í 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., en ákvæðið hefur verið talið ná einnig til hjúkrunarfólks sem aðstoðarfólks við læknisstörf.

Um vitnaskyldu hjúkrunarfólks er vísað til ákvæða þeirra, sem réttarfarslög hafa að geyma hverju sinni um embættis- og sýslunarmenn og einnig sérákvæða um lækna, sem slík lög taka fram, sbr. 94. gr., 1. mgr. 2. tl., laga um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Þykir eðlilegt að hafa slíkt ákvæði í lögum.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Í greininni eru taldar nokkrar af almennum skyldum hjúkrunarkvenna.

Í 6. gr. laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47 23. júní 1932, eru svipuð ákvæði um lækna, og þykir rétt að hafa slík ákvæði um hjúkrunarkonur einnig í lögum.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli, sett þar eð karlar eru nú einnig teknir að leggja stund á hjúkrun. Þykir heppilegra að kveða á um í sérstakri grein, að ákvæði laganna taki einnig til þeirra, og láta hjúkrunarkonuheitid haldast í orðalagi laganna, heldur en að taka fram, að hvert ákvæði eigi bæði við um hjúkrunarkonur og menn.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um aðstoðarfólk við hjúkrun, sem sérstaklega er gerð grein fyrir í upphafi athugasemdanna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.